

# Byggðaáætlun 2010-2013

Drög í vinnslu 9.mars 2009

## Markmið og áherslur

Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar verði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar á landsbyggðinni og að efla menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins.

Til þess að ná þessum markmiðum verða sérkenni og sérstaða svæða lögð til grundvallar fyrir aðgerðartillögur á eftirtöldum áherslusviðum:

1. Nýsköpun og atvinnuþróun
2. Ferðaþjónusta
3. Hagnýting innlendra orkugjafa
4. Menning og samfélag

Aðgerðir til að ná markmiðum áætlunarinnar miða að því að nýta sérkenni svæða, náttúru, mannauð og menningu til sjálfbærrar þróunar og áhrif áætlunarinnar á umhverfi verða því jákvæð að þessu leyti. Mikilvægur þáttur við mótun aðgerðartillagna hefur verið að samþætta kynjasjónarmið, að aðgerðir leiði til starfa á landsbyggðinni sem henta báðum kynjum sem og vinna til undirbúnings aðgerðanna.

Helstu aðgerðir sem gripið verði til verði eftirfarandi:

### 1. Nýsköpun og atvinnuþróun

1. tillaga: Þróun og styrking vaxtarsamninga
2. tillaga: Efling þekkingarsetra
3. tillaga: Rekstur Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri
4. tillaga: Skilvirkara stoðkerfi
5. tillaga: Samræming áætlana
6. tillaga: Ábyrgðalánasjóður kvenna
7. tillaga: Fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni
8. tillaga: Svæðisbundnar þróunaráætlanir
9. tillaga: Efling landshluta- og héraðakjarna
10. tillaga: Jöfnun flutningskostnaðar
11. tillaga: Fjölpjódlegt samstarf (NPP, NORA ofl)

### 2. Ferðaþjónusta

12. tillaga: Nýsköpun og viðhald ferðamannastaða
13. tillaga: Svæðisbundin markaðssetning
14. tillaga: Þekkingarmiðlun í ferðaþjónustu
15. tillaga: Mikilvægi talnagagna í ferðaþjónustu

### 3. Orkubúskapur

16. tillaga: Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur kostnaðar
17. tillaga: Uppbygging fjölorkustöðva
18. tillaga: Framleiðsla vistvæns eldsneytis
19. tillaga: Þrífösun rafmagns

### 4. Menning og samfélag

20. tillaga: Endurnýjun menningarsamninga
21. tillaga: Listnám
22. tillaga: Bætt aðgengi að menntun
23. tillaga: Útrýming kynbundins launamunar
24. tillaga: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga
25. tillaga: Tölfræðileg gögn um byggðaþróun

## 1. Nýsköpun og atvinnuþróun

Byggðarlögum og fyrirtækjum á landsbyggðinni þarf að skapa aðstöðu til að nýta öll tiltæk ráð til þróunar atvinnulífs og bættrar búsetu. Öflugt samþætt stuðningskerfi er tekur mið af svæðisbundnum styrkleikum og sérkennum ásamt aukinni þekkingu og hæfni íbúa á ýmsum sviðum eru meðal forsendna jákvæðrar þróunar byggðar og atvinnulífs. Auknar kröfur atvinnulífsins um menntun, færni og þekkingu starfsfólks og atvinnurekenda gerir vaxandi kröfur til stoðkerfisins sem hefur m.a. brugðist við með aukinni sérhæfingu og samstarfi.

Margbrotið stoðkerfi atvinnulífsins, byggt upp á grunni einstakra atvinnugreina, þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu má sameina og samræma til þess að auka virkni aðgerða hins opinbera til að styðja við nýsköpun í atvinnulífinu. Svæðabundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika, eru líkleg til að skila auknum árangri í nýsköpun og atvinnuþróun. Til þess að þróunarstarf sé árangursríkt þarf það að tengja saman sem flesta þætti samfélagsins. Byggðin, atvinnulífið og náttúran eru ekki andstæður heldur samverkandi þættir. Sjálfbær þróun miðar að því að samþætta efnahagsleg, félagsleg og náttúruleg markmið. Markmið sjálfbærrar þróunar og byggðastefnu eru því mörg þau sömu.

Nauðsynlegt er að stöðugt sé unnið að þróun stoðkerfisins á landsbyggðinni með það að leiðarljósi að gera það skilvirkara, þ.e. að mannauður og fjármunir verði nýttir betur og að aukinn árangur náist. Eftirfarandi tillögur miðast við það.

---

### 1. tillaga: Þróun og styrking vaxtarsamninga

#### Markmið:

Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsvísu.

#### Meginhugmynd:

Vaxtarsamningar verði ein helsta burðarstoð byggðaáætlunar. Verkefni á sviði nýsköpunar og þróunar sem skilgreind eru í byggðaáætluninni verði samræmd og tengd saman á landsvísu í gegnum vaxtarsamninga. Tilgangur þess er að efla staðbundna klasa með þátttöku þeirra í stærri heild sem getur náð meiri árangri í samstarfi, t.d. alþjóðlegu samstarfi, en einir sér. Þetta eykur einnig áhrif heimamanna á stefnumótun og framkvæmd aðgerða byggðaáætlunarinnar. Til þess að greiða götu þessa þarf að ljúka þeirri vinnu við framtíðarstefnumótun fyrir vaxtarsamninga sem hafin er.

Lögð hefur verið mikil áhersla á vaxtarsamninga sem aðferð til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Gerðir hafa verið slíkir samningar við sjö atvinnuþróunarfélög á grundvelli byggðaáætlunar 2006 – 2009. Í vaxtarsamningum er ábyrgð og framkvæmd færð út í landshlutana og á vegum þeirra hefur verið unnið að ýmsum nýjum og árangursríkum verkefnum. Við framkvæmd vaxtarsamninga hefur verið lögð áhersla á aðferðafræði klasa á grundvelli sérstöðu og styrkleika hvers svæðis. Við gerð nýrra vaxtarsamninga er mikilvægt að byggt sé því sem vel hefur til tekist við framkvæmd fyrri samninga, með áherslu á skilvirka stjórnun og árangursmat.

#### Árangursmat:

Mikilvægt er að viðmið árangurs verkefna samningsins séu skilgreind strax í upphafi og þau endurskoðuð reglulega með hliðsjón af framvindu hvers samnings. Árangur af starfi vaxtarsamninga verði metið með reglubundnum hætti á grundvelli þeirra markmiða og áherslna sem lýst er í byggðaáætlun, einstökum samningum og verkefnum. Við mat á árangri einstakra vaxtarsamninga verði unnið með samræmda grunnmælikvarða allra vaxtarsamninga þannig að fram komi mat á heildarárangri af starfi þeirra. Almennir mælikvarðar verða því settir öllum vaxtarsamningum. Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð eru ábyrgðaraðilar á framkvæmd árangursmats samninganna í nánú samstarfi við stjórnir samninganna.

#### Ábyrgð á framkvæmd:

Iðnaðarráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Nýsköpunarmiðstöð og Byggðastofnun.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

---

**2. tillaga: Efling þekkingarsetra****Markmið:**

Auka rannsóknir, þróun, og nýsköpun í þágu efnahagslegra og félagslegra framfara og treysta þann árangur sem náðst hefur víða um land með myndun og starfi svæðisbundinna þekkingarsetra.

**Meginhugmynd:**

Þekkingarsetur vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknarstofnana og stuðningskerfisins um rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu félagslegra- og efnahagslegra framfara. Tilgangur samstarfsins er m.a. að örva nýsköpun í fyrirtækjum og efla samkeppnishæfni svæða og er því lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir þar sem tekið er mið af svæðisbundnum þörfum atvinnulífs, styrkleikum og tækifærum.

Við uppbyggingu þekkingarsetra verði lögð áhersla á samstarf og virkar þekkingarlínur á milli þekkingarsetra héraendis og erlendra þekkingarsetra sem starfa á áþekktum kjarnasviðum með það að markmiði að styðja enn frekar við nýsköpun og þróun. Þannig verði þekkingarsetur á landinu hluti af alþjóðlegu netsamstarfi sem lagt getur grunn að uppbyggingu samkeppnishæfra atvinnusvæða á alþjóðavísu.

Með auknu fjármagni til rannsókna, nýsköpunar- og fræðistarfa innan þekkingarsetra má auka möguleika þeirra til að afla fjármagns til verkefna í innlenda og erlenda samkeppnissjóði.

Vaxtarsamningar verði leiðandi í myndun og viðhaldi klasasamstarfs fyrirtækja og opinberra aðila um rannsóknir og þróun í tengslum við þekkingarsetrin.

**Árangursmat:**

Aðilar þekkingarsetra gera með sér samstarfssamning með skilgreindum markmiðum og áherslum. Árangur verður metinn með hliðsjón af markmiðum þekkingarsetrana um samstarf innan stoðkerfisins.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Iðnaðarráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og undirstofnanir þessara ráðuneyta auk atvinnuþróunarfélaga, sveitarfélaga og samtaka þeirra.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

**Annað:**

Mikilvægt er að menningarsamningar tengist starfi þekkingarsetra.

---

**3. tillaga: Rekstur Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri****Markmið:**

Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

**Meginhugmynd:**

Starfsstöð Impru á Akureyri var sett á fót í desember 2002 á grundvelli markmiða byggðaaætlunar 2002-2005. Hún hefur gegnt lykilhlutverki í nýsköpunar – og þróunarstafi á landsbyggðinni, m.a. með rekstri fjölmargra sérhæfðra verkefna sem sniðin hafa verið að þörfum tiltekinna markhópa og með tæknilegri ráðgjöf um vöruþróun og markaðssetningu.

**Árangursmat:**

Á tveggja ára fresti verið af óvillhöllum aðila gerð úttekt á árangri af starfsemi Impru á Akureyri.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Iðnaðarráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

---

**4. tillaga: Skilvirkara stoðkerfi****Markmið:**

Bæta samhæfingu og skilvirkni í stoðkerfi atvinnulífsins.

**Meginhugmynd:**

Myndaður verði starfshópur sem geri tillögur um bætt fyrirkomulag í stoðkerfi atvinnulífsins, aukna samhæfingu í störfum og aukið samstarf innan kerfisins. Starfshópurinn hugi m.a. að leiðum til að bæta og þróa þjónustu stoðkerfisins við konur.

Þekking er ein helsta uppspretta verðmætasköpunar og hagvaxtar. Samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana er mikilvægt. Í því felst að þrjúþætt stoðkerfi vinnur saman að framleiðslu, úrvinnslu, miðlun þekkingar og markaðssetningu er lýtur að samþættingu atvinnulífs og rannsóknarumhverfis.

Stöðugt þarf að leita leiða til að ná sem mestum árangri og nýta fjármagn og mannauð sem best. Hérlendis er stoðkerfi atvinnulífsins nokkuð fastbundið atvinnugreinum þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu. Margar vaxtargreinar íslensks atvinnulífs falla illa að slíkri skiptingu og má þar nefna greinar eins og líftækni, ferðaþjónustu og fiskeldi. Víðast í nágrannlöndum okkar er í auknum mæli horfið frá aðgerðum sem beinast fyrst og fremst að einstökum atvinnugreinum en sjónum beint í ríkara mæli að tilteknum svæðum og þeim möguleikum sem atvinnulíf, umhverfi og menningararfur þeirra fela í sér. Starfshópurinn láti framkvæma ítarlega greiningu á stoðkerfinu, uppbyggingu þess, áherslum, svæðisbundnum sérkennum, virkni og fjármögnun. Huga þarf sérstaklega að hugmyndum um þekkingarsetur sem er samstarfsvettvangur aðila sem tengjast nýsköpun, rannsóknum og þekkingarmiðlun.

**Árangursmat:**

Starfshópurinn leggi fram tillögur um breytingar á grundvelli greiningar á stöðu og í samráði við aðila stoðkerfisins.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Iðnaðarráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, Bændasamtök Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, atvinnuþróunarfélög, leiðbeiningamiðstöðvar í landbúnaði og fleiri.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

---

**5. tillaga: Samræming áætlana****Markmið:**

Samhæfa þróunar- og framkvæmdaáætlanir ráðuneyta.

**Meginhugmynd:**

Unnið verði að því undir forystu forsætisráðuneytisins að efla samstarf ráðuneyta og ríkisstofnana um samræmingu áætlana. Auk byggðaaætlunar tengist samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, náttúruverndaráætlun, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og fleiri áætlanir sem varða hagsmuni landsbyggðarinnar. Þörf er á því að samþætta áætlanir ráðuneyta um uppbyggingu og þjónustu og miða þær að sameiginlegri framtíðasýn fyrir byggðapróun í landinu. Komið verði á samstarfsnefnd ráðuneyta í þessum tilgangi auk þess sem starfshópur verði myndaður í hverju ráðuneyti til þess að vinna með byggðaþáttinn í verkefnum þeirra, hvers og eins. Ráðuneyti og undirstofnanir þeirra gætu á þennan hátt orðið virkari við mótun byggðaaætlunar og aukið líkur til þess að vinna við hana og við áætlanir ráðuneytanna sjálfra yrðu samstilltari og árangursríkari.

**Árangursmat:**

Samstarfshópurinn skili tillögum einu sinni á ári til viðkomandi ráðuneytis um samþættingu og breytingar. Árangur mælist af virkni ráðuneyta og stofnana á þessu sviði.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Forsætisráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Önnur ráðuneyti og undirstofnanir þeirra.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

---

**6. tillaga: Ábyrgðalánasjóður kvenna****Markmið:**

Að styðja framtak kvenna til nýsköpunar í atvinnulífinu.

**Meginhugmynd:**

Lagt er til að stofnaður ábyrgðalánasjóður kvenna sem veiti tryggingar fyrir lánnum í stað hefðbundinna veða í fasteignum. Ráðgjöf og eftirfylgni verði jafnframt hluti af þjónustu sjóðsins.

Konur eiga og reka um fjórðung íslenskra fyrirtækja sem er mun lægra hlutfall en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Því er ljóst að kraftar kvenna til nýsköpunar nýtast ekki til jafns við krafta karla. Stuðningur við konur sem hafa viðskiptahugmyndir er mikilvægur til að auka nýsköpun í atvinnulífinu og hagvöxt.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að konur sem leita fjármögnunar til þess að hefja eigin atvinnurekstur mæta ýmsum hindrunum umfram karla, einkum vegna þess að þær eiga í erfiðleikum með að veita veð, eru í mörgum tilvikum ekki þinglýstir eigendur eigna. Lánatryggingasjóður kvenna var stofnaður árið 1997. Á starfstíma sjóðsins frá 1997-2003 bárust 170 umsóknir, 50 verkefni voru samþykkt, flest nýsköpunarverkefni og voru mikilvægt framlag til atvinnulífsins í landinu í því ljósi. Árangursmat á sjóðnum leiddi í ljós að um 60% verkefnanna hefðu ekki farið af stað ef sjóðsins hefði ekki notið við. Sjóðurinn hefur veitt tryggingar til atvinnurekstrar sem veita um 100 starfsmönnum atvinnu í um 90 stöðugildum. Þá kom í ljós að útlánatap vegna lána sem sjóðurinn ábyrgðist var hverfandi lítið.

**Árangursmat:**

Starfsemi sjóðsins gæti leitt til fjölda nýrra fyrirtækja og starfa. Stjórn hans setji reglur og kvarða fyrir mat á árangri sjóðsins.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Byggðastofnun.

**Aðrir þátttakendur:**

Atvinnuþróunarfélög, félagsmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:**

2010 -2013.

---

**7. tillaga: Fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni****Markmið:**

Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.

**Meginhugmynd:**

Lagt er til að forsætisráðuneytið gangist fyrir því að sett verði á laggirnar samstarfsnefnd ráðuneyta til þess að stuðla að því að fleiri störf á vegum ríkisins verði staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. Starfshópurinn sinni þessu með fernu móti:

1. Starfshópurinn skapi yfirsýn og ræði öll þau störf á vegum ráðuneyta og undirstofnana sem áætlað er að stofna til, hvort með góðu móti sé unnt að stofna þau utan höfuðborgarsvæðisins, hvað þurfi að gera til þess að það sé unnt og setji fram tillögur til úrbóta.

2. Í framhaldi af tilraunaverkefni iðnaðarráðuneytisins um störf án staðsetningar lagi starfshópurinn starfshætti sína að niðurstöðum og ábendingum sem fram munu koma í tilraunaverkefninu.

3. Starfshópurinn skili forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemina og árangur af henni. Skýrslan verði kynnt opinberlega.

Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisvaldsins síðustu ár hefur hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni ekki hækkað. Enn verða þessi störf að miklu leyti til á höfuðborgarsvæðinu en með samstarfshópi eins og hér er gerð tillaga um er leitast við að setja stefnumótun á þessu sviði í fastara form en verið hefur og skapa möguleika á betri eftirfylgni við slíka stefnumótun.

**Árangursmat:**

Í tillögunni er gert er ráð fyrir samstarfshópi ráðuneyta sem skili árlega skýrslu og lýsi þar árangri.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Forsætisráðuneytið.

**Aðrir þátttakendur:**

Önnur ráðuneyti, Byggðastofnun.

**Tímaáætlun:**

2010 - 2013.



---

## 8. tillaga: Svæðisbundnar þróunaráætlanir

### Markmið:

Meta ávinning af svæðisbundnum áætlunum sveitarfélaga sem miða að sjálfbærri þróun og aukinni samkeppnishæfni með því að samþætta opinberar áætlanir beggja stjórnsýslustiga. Að lýsa áætlanagerð sem tæki til að mynda samstöðu um svæðisbundna framtíðarsýn.

### Meginhugmynd:

Um er að ræða reynsluverkefni í einum landshluta sem rutt getur braut fyrir frekari gerð svæðisbundinna þróunaráætlana. Verkefnið yrði fjórþætt.

1. verkþáttur felst í að taka saman yfirlit yfir áætlanir og stefnumörkun opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, og fjölþjóðlega samninga og samþykktir sem áhrif hafa á starfssvæðum þeirra ásamt áherslum menningar- og vaxtarsamninga á hverju svæði, skilgreiningar þeirra á veikleika, styrkleika og sóknarfærum.

2. verkþáttur felst í að safna saman helstu hagtölum og upplýsingum sem teljast mikilvægar fyrir svæðisbundanar áætlanir.

3. verkþáttur felst í að gera tillögur um áherslur fyrir áætlanagerð sveitarfélaga á svæðinu. Þessar áherslur verður hverju sveitarfélagi frjálst að taka upp við áætlanagerð, sveitarfélögum í samstarfi um áætlanir en sveitarfélög geta líka sleppt því.

4. verkþáttur felst í að kynna þessa vinnu og niðurstöðu hennar fyrir sveitarfélögum á starfssvæðin og ráðuneytum.

Ríki og sveitarfélög gera opinberar áætlanir sem í mörgum tilvikum eru ekki samþættar og virðast ekki miða að sama marki. Samþætt áætlanagerð virðist geta stuðlað að skilvirkara samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga, orðið vettvangur málamiðlana, samkomulags og stefnt að sameiginlegum markmiðum með betri árangri af því starfi og fjármagni sem lagt er í áætlanir.

Þessi vinna hefur í för með sér fræðslu um staðhætti og áætlanagerð, áhrif á viðhorf til áætlanagerðar á sveitarfélagastigi eða á samstarfsstigi sveitarfélaganna og bætt skilyrði fyrir umfjöllun um áætlanir ríkisins og áhrif þeirra á sveitarfélagastigi. Með verkefninu byggist þessi þekking upp á svæðunum. Á ríkisstigi verður auðveldara að taka mið af sameiginlegri svæðisbundinni stefnumörkun sveitarfélaga heldur en af misvísandi áætlunum einstakra sveitarfélaga. Tillagan miðast þannig við að kanna skilyrði, lýsa þeim og skapa þannig forsendur fyrir bættu og samvirkari áætlanagerð milli stjórnsýslustiga, þróunaráætlanir með áherslu á svæðisbundin skilyrði til sjálfbærrar þróunar og samkeppnishæfni og samþættingu á áherslum vaxtarsamninga og áætlana sveitarfélaga og stefnu ráðuneyta og sveitarfélaga.

Aðstæður í íslensku þjóðfélagi um áramót 2008 og 2009 auka enn mikilvægi samstilltra vinnubragða og þróunaráherslna beggja stjórnsýslustiga.

### Árangursmat:

Árangur þarf verkefnisstjórn að meta eftir hvern verkþátt áður en ráðist er í næsta verkþátt. Í lokaverkþættinum þarf að meta til árangurs upplýsandi fundi og umræður á báðum stjórnsýslustigum.

### Ábyrgð á framkvæmd:

Samgönguráðuneyti.

### Aðrir þátttakendur:

Samband sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Byggðastofnun.

### Tímaáætlun:

2010 - 2012.

---

---

## 9. tillaga: Efling landshluta- og héraðakjarna

**Markmið:**

Skilgreina skilvirkar vinnu- og þjónustusóknir og efla landshluta- og héraðakjarna.

**Meginhugmynd:**

Skipting landsins í vinnusóknarsvæði verði greind, í skilvirkar daglegar vinnu- og þjónustusóknir og að í framhaldinu verði kannað hvort efla megi kjarna svæðanna, t.d. með því að stækka svæðin með samgöngubótum, s.s. vegstyttingum og almenningsamgöngum. Þannig mætti skapa fólki til sveita betri skilyrði til að sækja vinnu utan heimilis og nýta betur þjónustufjárfestingar ríkis og sveitarfélaga. Niðurstöður greininga gætu leitt til áherslubreytinga í áætlunum ríkis og sveitarfélaga.

Atvinnuþróunarfélögin greini aðstæður hvert á sínu starfssvæði samkvæmt sameiginlegu verklagi og skilgreiningarkvörðum sem þau ákveða í samráði við Byggðastofnun sem samhafir niðurstöður félaganna.

**Árangursmat:**

Atvinnuþróunarfélögin munu skila til Byggðastofnunar niðurstöðum sem metnar verða með hliðsjón af markmiðum og kvörðum sem settir verða sameiginlega fyrir öll svæðin. Farið verður yfir verkið og það skilgreint á fundi í upphafi og niðurstöðum og árangri lýst á fundi í verklok.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Byggðastofnun.

**Aðrir þátttakendur:**

Atvinnuþróunarfélög.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

---

## 10. tillaga: Jöfnun flutningskostnaðar

**Markmið:**

Að efla framleiðslustarfsemi, atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni.

**Meginhugmynd:**

Lagt er til að tekin verði upp niðurgreiðsla hluta flutningskostnaðar framleiðslufyrirtækja sem eru í meira en 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Niðurgreiðsluprósentan verði mismunandi eftir fjarlægð.

Í nágrennalöndum okkar eins og Noregi og Svíþjóð er flutningskostnaður framleiðslufyrirtækja sem fjærst liggja aðalmörkuðum landanna niðurgreiðdur. Styrkjareglur Evrópusambandsins heimila slíkar niðurgreiðslur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum enda viðurkennt að flutningskostnaður er mjög þyngjandi fyrir framleiðslufyrirtæki sem fjærst liggja mörkuðum og útflutningshöfnum. Endurgreiðsla hluta flutningskostnaðar til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni er án efa sú leið sem auðveldast er að fara til að jafna samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja á landinu.

Með því að taka upp endurgreiðslukerfi á flutningskostnaði til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni er stigið ákveðið skref í þá átt að koma í veg fyrir að fyrirtæki á landsbyggðinni neyðist til að flytja starfsemi sína á brott af landssvæðum þar sem rekstrarskilyrði eru erfið vegna fjarlægðar frá stærsta markaðssvæði landsins og aðalútflutningshöfn.

Líkleg langtímaáhrif svona endurgreiðslukerfis eru miklu fremur að fyrirtæki flytji ekki á brott en að fyrirtæki kjósi að flytji starfsemi sína inn á það svæði sem endurgreiðslu nýtur. Það



helgast að sjálfsgöðu af því að aðeins er gert ráð fyrir að hluti af flutningskostnaðinum sé endurgreiddur.

**Árangursmat:**

Kannað verði hjá fyrirtækjum á styrkjasvæðinu hversu stór hluti þeirra nýtir sér kerfið og viðhorf til fyrirkomulagsins. Slík könnun verði gerð með reglulegu millibili.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Samgönguráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Byggðastofnun.

**Tímaáætlun:**

Undirbúningur árið 2010 og hrint í framkvæmd árið 2011.

---

**11. tillaga: Fjölpjódlegt samstarf****Markmið:**

Að stuðla að gagnvirku flæði upplýsinga og þekkingar og styðja fjölpjóðleg þekkingarnet á sviði byggðamála.

**Meginhugmynd:**

Á grundvelli góðrar reynslu verði Ísland áfram virkur þátttakandi í NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPP og ESPON.

Samstarfsvettvangur Norðurlanda á sviði byggðamála er norræna embættismannanefndin um byggðamál (NR-K). Samstarfið felst í því að miðla reynslu, þekkingu, umræðum og kynnum í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum. NR-K hefur veitt fjárstyrki til samstarfs grannsvæða yfir landamæri, langmest til samstarfsins á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Byggðastofnun er tengiliður Íslands við NORA. Mörg góð verkefni hafa verið styrkt með fjármunum frá NORA og Íslendingar hafa verið mjög virkir þátttakendur í verkefnum sem styrkt hafa verið.

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunarinnar NPP 2007 – 2013 er að efla atvinnu-, efnahags- og félagslega samvinnu svæða og landa á norðurslóðum með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Norðurslóðaáætlun er ein af fimm svæðaáætlunum Evrópusambandsins sem tilheyra Interreg IV. Norðurslóðaáætlun hefur fengið víðtæka verkefnaþátttöku og stofnanir, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög verið virkir þátttakendur í mörgum verkefnum sem þótt hafa skilað góðum árangri. Norðurslóðaáætlun nær landfræðilega yfir mjög víðfeðmt svæði en þátttökulönd eru Evrópusambandslöndin, Skotland, Norður Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Byggðastofnun er landstengiliður NPP á Íslandi.

Fjölpjódlegar og þverfaglegar byggðarannsóknir í ESB hófust með ESPON-áætluninni 2002. Sú áætlun er önnur af Interreg áætlununum. Miðpunktur ESPON-starfsins er lítil stofnun í Luxemburg en á vegum áætlunarinnar áttu á annað hundrað evrópskir háskólar og rannsóknarstofnanir í rannsóknastarfi á síðasta starfstímabili hennar frá 2002-2006. Öll aðildarlönd ESB, umsóknarlöndin og Noregur, Sviss og Liechtenstein eru aðilar að ESPON og með tímabilinu 2007-2013 er Ísland líka þátttakandi. Byggðastofnun hefur starfrækt samband við ESPON og mun áfram rækja stjórnunarlegt hlutverk. Eftir að hafa auglýst eftir stofnun til að starfrækja faglegt netverk ESPON á Íslandi hefur Byggðastofnun valið Háskólann á Akureyri til þess hlutverks.

**Árangursmat:**

Hver áætlun skilar ársskýrslu til iðnaðarráðuneytis og lýsir starfi og árangri af því.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Iðnaðarráðuneytið, Byggðastofnun.

**Aðrir þátttakendur:**

Háskólar, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins.

**Tímaáætlun:**

2010 -2013.

---

## 2. Ferðaþjónusta

Sérstaða ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni felst í staðbundnum gæðum, svo sem náttúru og menningarminjum. Í sérstöðunni felast tækifæri ferðaþjónustunnar og gæði hennar aukast með fjölbreyttari þjónustu, upplifun og fræðslu á svæðinu. Miklir möguleikar eru í nýsköpun og vöruþróun sem byggist á þessari sérstöðu, náttúrufari, menningu, hefðum og sögu samfélaga og svæða.

---

### 12. tillaga: Nýsköpun og viðhald ferðamannastaða

**Markmið:**

Að tryggja vöxt greinarinnar með markvissu viðhaldi þeirra ferðamannastaða sem þegar eru fjölsóttir. Huga að nýjum seglum sem ekki hafa verið byggðir upp og/eða kynntir nægilega vel.

**Meginhugmynd:**

Horft verður til raunverulegra framkvæmdaverkefna sem og lífvænlegra nýsköpunarverkefna sem byggja á náttúru og menningu landsins. Mikilvægt er að halda áfram samstarfi menntamálaráðuneytis og iðnaðaráðuneytis um sjö menningarsamninga við samstök sveitarfélaga um allt land. Með því fjármagni er lögð rækt við menningartengd verkefni sem stuðla mjög að eflingu ferðaþjónustu á hverju svæði.

**Árangursmat:**

Árangur verður metinn í fjölda gistinátta, þjónustukaupum erlendra og innlendra ferðamanna.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Ferðamálastofa.

**Aðrir þátttakendur:**

Atvinnuþróunarfélög, menningarfulltrúar, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

**Tímaáætlun:**

2010 - 2013.

---

### 13. tillaga: Svæðisbundin markaðssetning - samkeppni og samvinna

**Markmið:**

Aðlamarkmið samstarfs við svæðisbundna markaðssetningu er að skapa hvata fyrir nýsköpun og þróun í vöru og þjónustu og að byggja upp hæfni og getu til að markaðssetja svæði út á við.

---

**Meginhugmynd:**

Samstarf frumkvöðla í ferðaþjónustu og opinberra aðila við svæðisbundna markaðssetningu. Framtíðarsýn svæða verður skilgreind til lengri tíma og unnið verður eftir skilgreindri framkvæmdaaætlun sem byggir á niðurstöðum rannsókna og kannana sem markaðsskrifstofur framkvæma meðal viðskiptamanna sinna þannig að fyrir liggi upplýsingar um markhóp hvers svæðis.

**Árangursmat:**

Árangur verður metinn í fjölda gistingu, þjónustukaupum erlendra og innlendra ferðamanna.

**Ábyrgð:**

Atvinnuþróunarfélög.

**Aðrir þátttakendur:**

Markaðsstofur, ferðaþjónustuaðilar, atvinnurekendur í verslunar- og þjónustugreinum, Ferðamálastofa og sveitarfélög.

**Tímaáætlun**

2010 – 2013.

---

**14. tillaga: Þekkingarmiðlun í ferðaþjónustu**

Styrkja þarf mjög þekkingu þeirra sem í ferðaþjónustu starfa t.d. hvað varðar þýðingu samstarfs, rekstur fyrirtækja og markaðssetningu. Því er lögð áhersla á það í byggðaaætlun að stuðlað verði enn frekar að fræðsluverkefnum fyrir fólk sem þegar starfar í ferðaþjónustu, eða hyggst hasla sér þar völlum. Ferðamálastofa í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Byggðastofnun myndi leiða slík verkefni.

---

**15. tillaga: Mikilvægi talmagagna í ferðaþjónustu**

Haldið verði áfram að efla gerð hliðarreiknings við þjóðhagsreikning (Tourism Satellite Account) um ferðaþjónustu en fyrstu tölur byggðar á þeirri aðferðarfræði voru birtar síðari hluta árs 2008. Hagstofa Íslands hefur stýrt þessu verkefni í samstarfi við iðnaðarráðuneytið.

---

**3. Orkubúskapur**

Orkuauðlindirnar og nýting þeirra eru einn mikilvægasti þátturinn í efnahagslífi þjóðarinnar og aðgengi að orku og afhendingaröryggi raforku er nauðsynlegt fyrir atvinnulíf á landinu öllu. Því þarf að leggja áherslu á að styrkja meginflutningskerfi raforku og að flýta þrífösun rafmagns þar sem því verður við komið.

Víða á landsbyggðinni hafa verði byggðar litlar heimarafstöðvar og þarf að hvetja til uppbyggingar smáiðnaðar í tengslum við slíka virkjanir þar sem það er hentugt og þar með leggja áherslu á að nýta orkuauðlindir sem næst upprunastað þegar þess er nokkur kostur. Slík orkunýting getur einnig orðið til að styrkja byggðir sem næst liggja framleiðslustað.

Kröfur um aukið öryggi í orkuflutningum verða æ háværi enda er afhendingaröryggi raforku forsenda fyrir staðsetningu fyrirtækja. Á nokkrum svæðum á landinu, þó einkanlega á

Vestfjörðum, er afhendingaröryggi raforku of lítið. Þetta vandamál er brýnt að leysa, hvort heldur með hringtengingu eða styrkingu núverandi lagnaleiða til þess að tryggja samkeppnishæfni svæða að þessu leyti.

Skógrækt er víða að verða blómlegur iðnaður. Við grisjun skóga fellur til mikið hráefni sem þarf að tryggja að verði nýtt annað hvort beint til húshitunar eða í iðnaði svo sem til framleiðslu á lífrænu eldsneyti.

Hvetja þarf innlenda aðila til að framleiða vistvænt eldsneyti.

---

## 16. tillaga: Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur kostnaðar

### Markmið

Að draga úr kostnaði við niðurgreiðslur vegna húshitunar.

### Meginhugmynd

Skóðaðar verði aðrar leiðir en beina rafkynding á svæðum sem nýta raforku til húshitunar. Hvatt verður til uppsetninga varmadæla þar sem það þykir hagkvæmt. Einnig verið kannað með hagkvæmni viðarkyndingar, sem nýta myndi grisjunarvið úr skógum landsins.

Á undanförunum árum hefur hið opinbera varið allt að 1 milljarði króna árlega til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði. Með þessum hætti hefur verið leitast við að jafna orkukostnað á milli þeirra svæða sem búa við hitaveitu og þeirra sem eru á svokölluðum köldum svæðum og nýta raforku og olíu til húshitunar, sem að öllu jöfnu er mun dýrari en hitaveitur.

Lögð hefur verið áhersla á að draga úr notkun raforku til húshitunar og því hafa verið byggðar margar hitaveitur víða um land allt undanfarin ár og hafa þær verið styrktar af hinu opinbera til að standa að nokkru undir þeim kostnaði sem hlýst af langinu veitnanna. Er nú svo komið að talið er að hitaveituvæðing á Íslandi hafi nánast náð hámarki hvað hagkvæmni varðar. Eftirleiðis verður því lögð áhersla á aðrar lausnir til umhverfissvænnar orkuöflunar, svo sem varmadælur og viðarkynding, sem þá verði styrkt með svipuðum hætti og hitaveitur hafa verið styrktar fram að þessu.

### Árangursmat

Lagt verður mat á þann sparnað sem hlýst af því að notendur rafhitunar breyti um orkugjafa svo sem varmadælur eða viðarkyndingu.

### Ábyrgð á framkvæmd

Orkustofnun/Orkusetur.

### Aðrir þátttakendur

Iðnaðarráðuneyti.

### Tímaáætlun

2010-2012.

---

## 17. tillaga: Uppbygging fjölorkustöðva

### Markmið

Markmið er að fjölga vistvænum bílum um allt land en nú er einungis hægt að nota bíla sem nýta annað en hefðbundið eldsneyti, s.s. metan og bíódísel á höfuðborgarsvæðinu.

### Meginhugmynd

Bílafloti landsmanna er stór og árið 2006 var 28% af heildar útblæstri gróðurhúsategunda á Íslandi rakinn til samgangna á landi. Það er því kappsmál að notkun vistvæns innlends eldsneytis verði aukin í stað jarðefnaeldsneytis.

Hægt verði að nálgast vistvænt eldsneyti út um allt land. Í þeim tilgangi verði byggðar upp svokallaðar fjölorkustöðvar á hefðbundnum eldsneytisstöðvum þar sem verði boðið uppá hefðbundið eldsneyti auk þess sem hægt verið að nálgast á sama stað margskonar vistvænu

eldsneyti svo sem metan, etanól, bíodíselolíu og vetni. Einnig verði þar búnaður til að hlaða rafmagnsbíla.

**Árangursmat**

Fjöldi vistvænna bíla og fjöldi fjölorkustöðva.

**Ábyrgð á framkvæmd**

Innflytjendur eldsneytis, iðnaðarráðuneyti, Orkusetur.

**Tímaáætlun**

2010-2012.

---

**18. tillaga: Framleiðsla vistvæns eldsneytis****Markmið**

Skoðaðir verði möguleikar þess að framleiða vistvænt eldsneyti á Íslandi. Mismunandi möguleikar geta leynst á hinum ýmsu stöðum á landinu, má þar nefna söfnun gass frá urðunarstöðum sorps og hauggas og eldsneytisframleiðsla frá lífrænum úrgangi, svo sem frá skógrækt.

**Meginhugmynd**

Kannaðir verði möguleikar á framleiðslu vistvænst eldsneytis og verkefnið skoðað í samhengi við hugmyndir um uppbyggingu fjölorkustöðva.

Bílafloti landsmanna brennir miklu af innfluttu jarðefnaeldsneyti sem veldur um 28% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Leita þarf leiða til að draga úr notkun hefðbundins eldsneytis í samgöngum og hefur í því samandi verið horft m.a. til vistvæns eldsneytis.

**Árangursmat**

Magn eldsneytis sem framleitt er á Íslandi og nýtt í stað innflutts jarðefnaeldsneytis.

**Ábyrgð á framkvæmd**

Orkustofnun/Orkusetur.

**Aðrir þátttakendur**

Iðnaðarráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggðastofnun, atvinnuþróunarfélög.

**Tímaáætlun**

2010-2012

---

**19. tillaga: Þrífösun rafmagns****Markmið:**

Þrífösun rafmagns í stað einfasa verði flýtt svo sem kostur er. Í ljósi tæknivæðingar, hvort heldur í búskap eða öðrum atvinnurekstri utan þéttbýlis, er aðgangur að þrífasa rafmagni mikið hagsmunamál.

**Meginhugmynd:**

Kannað verði hvernig megi aðstoða notendur og lækka kostnað við að tengjast þriggja fasa rafmagni, hvaða stofnanir og sjóði megi nýta. Nú er greitt fyrir tengingu við þrífösun skv. gjaldskrá dreifiveitna og er sá kostnaður umtalsverður fyrir einstaklinga sem eru langt frá tengistað. Hvetja þarf dreifiveitur til að forgangsraða endurnýjun í kerfinu þar sem þörf fyrir þriggja fasa rafmagn er brýnust.

Víða á landsbyggðinni er ekki aðgangur að þriggja fasa rafmangi og samkvæmt niðurstöðum vinnuhóps sem gerði úttekt á stöðu þrífösunar árið 2008, vantar töluvert upp á að fullnægt sé þörfum um aðgang að þriggja fasa rafmagni. Miðað við sama hraða endurnýjunar og

verið hefur undanfarin ár mun það taka allt að 20 ár að koma á þriggja fasa rafmagn um allt land. Heildarkostnaður er vart undir 16 milljörðum. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að þegar rætt er um uppbyggingu á þriggja fasa dreifikerfi að sú uppbygging helst í hendur við almenna endurnýjun og uppbyggingu á dreifikerfinu og er sjaldnast um sérstakar aðgerðir að ræða sem einvörðungu snúa að því að tengja þriggja fasa rafmagn. Þá er athyglisvert að einungis 10-20% nýta sér þann möguleika að tengjast þegar aðgangur fæst.

(Sjá skýrslu: Þrífösun í dreifikerfum Rarik og Orkubús Vestfjarða <http://www.idnarraduneyti.is/malaflokkar/raforka/uppl/nr/2667>)

#### Árangursmat

Fjöldi þeirra sem tengst hafa þriggja fasa rafmagn.

#### Ábyrgð á framkvæmd

Orkustofnun/Orkusetur.

#### Aðrir þátttakendur

Dreifiveitur.

#### Tímaáætlun

2010-2012.

## 4. Menning og samfélag

Menning skiptir miklu máli fyrir sjálfsmynd byggðasamfélaga og hefur áhrif á búsetu. Sérstaða svæða er gjarnan skilgreind í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu og það hefur jákvæð áhrif á viðkomandi samfélög. Aukin starfsemi á sviði fornleifarannsókna og minjaverndar hafa vakið áhuga og vitund um verðmæti og gildi menningararfleifðar. Listviðburðir og listaverk hafa orðið útflutningsvara, bæði leikhúsværk og tónlist, og erlendir ferðamenn koma langan veg til íslenskra listviðburða og annarra menningarviðburða.

Aðgerðir ríkisins síðustu ár til þess að efla menntun og menningarstarf í byggðum landsins hafa verið fjölpættar. Skólar og þekkingarsetur á framhalds- og háskólastigi hafa verið styrkt sem og safnastofnanir, rannsókn- og fræðastarf og samstarf hefur verið við sveitarfélög um gerð og starf menningarhúsa. Menningarsamningar hafa verið gerðir um land allt og sett á fót menningarráð í tengslum við þá. Ýmsar stofnanir eru starfræktar til styrktar nýsköpun, frumkvöðlastarfi og til hvatningar konum í atvinnulífi og með samgöngubótum hafa þjónustusvæði stofnana verið stækkuð sem og starfsvæði félaga um listsköpun og afþreyingu.

## 20. tillaga: Endurnýjun menningarsamninga

#### Markmið:

Að styðja nýsköpun og þróun skapandi greina.

#### Meginhugmynd:

Lagt er til að stutt verði við endurnýjun menningarsamninga á vegum menntamálaráðuneytis enda verði þar áhersla á skapandi greinar.

Gerðir hafa verið hafa verið átta menningarsamningar fyrir jafnmörg svæði á landinu og hafa elstu samningarnir verið endurnýjaðir en flestir renna út í árslok 2009. Tilgangur menningarsamninga er að efla menningarstarf, beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga við slíkt



starf í einn farveg og að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsörðun verkefna og aukið samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála. Reynslan af menningarsamningunum er góð og því vert að þeir verði framlengdir.

**Árangursmat:**

Árangursmat hefur þegar verið unnið fyrir Austurland og verið er að vinna árangursmat fyrir Vesturland. Slíkt árangursmat gefur mjög góðar upplýsingar um hvert skuli stefna til framtíðar og því þyrfti að ljúka því fyrir landið allt.

Árangur verður metinn með hliðsjón af markmiðum hvers samnings og markmiðum þeirra verkefna sem unnin verða á grundvelli hvers samnings.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Menntamálaráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Sveitarfélög.

**Tímaáætlun:**

2010 - 2013.

---

**21. tillaga: Listnám****Markmið:**

Að hvetja starfsemi sem byggist á svæðisbundnum menningar- og náttúrusérkennum.

**Meginhugmynd:**

Lagt er til að í samstarfi vaxtar- og menningarsamninga á landsvísu verði gefinn kostur á listnámi við framhaldsskóla og svæðisbundnar símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Námið byggist á menningar- og náttúrusérkennum hvers svæðis, verði sem víðtækast á sviði rit-, nytja-, sviðs- og sjónlista og í góðum tengslum við atvinnulíf á hverju svæði.

Verkefnið felst í samstarfi menntamálaráðuneytis og svæðisbundinna stofnana og milli svæða, skóla, fyrirtækja og þekkingarsetra, um að móta uppbyggingu náms og námsefni og að skipuleggja nám.

**Árangursmat:**

Stjórnir vaxtar- og menningarsamninga munu meta árangur af því tveggja ára starfi sem tillagan er um. Eftirsóknarvert er að geta metið svæðisbundinn árangur af listnámi, hvort það muni hafa áhrif á starfsemi sem fyrir er á svæðinu, leiða til nýrrar og hvort það mun hafa áhrif á búsetu-, starfs- og námsval nemendanna.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Svæðabundnir menningar- og vaxtarsamningar, menntamálaráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Þekkingarsetur, atvinnuþróunarfélög, símenntunarstöðvar, framhaldsskólar, leikfélög, framleiðslu- og ferðaafyrirtæki.

**Tímaáætlun:**

Gert er ráð fyrir undirbúningstímabili 2010-11 og að nám verði í boði 2012-13.

---

---

## 22. tillaga: Bætt aðgengi að menntun

**Markmið:**

Að bæta aðgengi að menntun á framhalds- og háskólastigi.

**Meginhugmynd:**

- Að boðið verði upp á fjarnám í sem flestum greinum sem kenndar eru á framhalds- og háskólastigi. Til að þetta geti gengið eftir þarf að búa betur að símenntunarmiðstöðvum svo þær geti boðið fjarnemum upp á sem bestar aðstæður. Jafnframt þurfa gangaflutningsmöguleikar að vera góðir þannig að fólk geti nálgast námsefni og fyrirlestra á heimilum sínum. Gott aðgengi að menntun ásamt fjölbreyttu námsframboði er nauðsyn í nútímasamfélagi sem byggir mikið á sí- og endurmenntun. Sérstaklega á þetta við á þeim stöðum þar sem framhalds- og háskólar eru ekki staðstettir.
- Að efla framboð á starfs- og iðnnámi og gera skólum kleift að mæta ólíkum þörfum nemenda þar sem að hver skóli byggi, eftir því sem hægt er, á sérkennum og styrkleikum hvers svæðis.

**Árangursmat:**

Metið af menntamálaráðuneyti. Árangur verður metinn út frá fjölda nema í námi og útskrifuðum nemum í gengum fjarnám í samanburði við fyrri ár.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Menntamálaráðuneyti.

**Aðrir þátttakendur:**

Símenntunarstöðvar, háskólar og framhaldsskólar (samgönguráðuneyti – gangaflutningur)

**Tímaáætlun:**

Gildistími byggðaaætlunar.

**Annað:**

Á tímum atvinnuleysis og lækkandi atvinnustigs er brýnt að gefa fólki tækifæri til að styrkja sig í gegnum nám.

---

## 23. tillaga: Útrýming kynbundins launamunar

**Markmið:**

Að eyða kynbundnum launamun.

**Meginhugmynd:**

Lagt er til að gerð verði rannsókn á hvort kynbundinn launamunur sé á milli svæða. Komi slíkt í ljós verði gerðar tillögur um hvernig hann verði upprættur á 10 árum.

Nýlega hafa verið birtar upplýsingar um að launamunur kynjanna fari vaxandi á landsbyggðinni og sé óútskýrður launamunur tugir prósentu. Launamunurinn er mun meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Gerð verði svæðisbundin rannsókn á launum kynjanna og kannaður hver launamunurinn sé og hver hluti sé óútskýrður reynist þessar upplýsingar réttar. Rannsóknin verði endurtekin árlega og niðurstöðurnar nýttar til að vinna aðgerðaáætlun sem miða að því að útrýma launamuninum á næstu 10 árum.

Landsbyggðin býr í dag við kynjahalla sem verður sífellt alvarlegra lýðfræðilegt vandamál, fæðingartíðni lækkar og það fækkar í þeim aldurshópum sem samfélagið hvílir á. Efallaust er að séu tölur um launamun réttar þá skýrir það að einhverjum hluta brottflutning kvenna frá landsbyggðinni. Því er mikilvægt að eyða þessum mun sem allra fyrst.

**Árangursmat:**

Endurteknar kannanir annað hvert ár munu sýna hvort miðar í rétta átt við að minnka og að lokum eyða muninum.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Félagsmálaráðuneytið.

**Aðrir þátttakendur:**

Jafnréttisstofa, Byggðastofnun, Hagstofan, háskólar og rannsóknarstofnarnir.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

---

**24. tillaga: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga****Markmið:**

Að lýsa orsökum búferlaflutninga.

**Meginhugmynd:**

Lagt er til að gerð verði rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi og hvaða áhrifaþættir ráða búsetuvali kynjanna. Í framhaldi af því verði gerð áætlun um úrbætur sé tilefni til.

Árið 1997 kom út skýrslan „Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.“ Skýrsla þessi vakti verðskuldaða athygli á sínum tíma. Margt hefur breyst í íslensku samfélagi frá útkomu skýrslunnar og upplýsingar í skýrslunni voru ekki kyngreindar. Í ljósi þess að mikill kynjahalli er orðinn á landsbyggðinni, þar sem konur eru víða mun færri en karlar, að karlar leita sér mun síður menntunar en konur og ekki síst vegna upplýsinga nýrra rannsókna sem sýna aukinn launamun karla og kvenna á landsbyggðinni er ástæða til að ráðast í þessa rannsókn.

**Árangursmat:**

Skýrslan verður kynnt og hún birt í heild sinni þegar rannsókninni og úrvinnslu er lokið.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Byggðastofnun.

**Aðrir þátttakendur:**

Jafnréttisstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofan, háskólar og rannsóknarstofnarnir.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2011.

---

**25. tillaga: Tölfræðileg gögn um byggðapróun****Markmið:**

Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðapróun.

**Meginhugmynd:**

Að stofnaður verði starfshópur til að móta sameiginlegar tillögur hagsmunaaðila um söfnun, úrvinnslu og birtingu byggðatengdra upplýsinga er byggi m.a. á þeirri forvinnu sem þegar hefur farið fram hjá Byggðastofnun. Á árinu 2007 var á vegum Byggðastofnunar unnin greining á því hvaða upplýsingar væru til staðar og á hvaða formi, jafnframt sem skoðað var með hvaða hætti nágrannaþjóðir okkar safna og birta byggðatengdar upplýsingar. Víðast er lögð áhersla á upplýsingaöflun er varðar frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og nýja tækni, menntun og

starfshæfni, ferðamennsku og ástand jaðarsvæða. Jafnframt var unnið að mati á því hvaða upplýsingar teldust mikilvægar út frá byggðalegum forsendum og hvaða svæðagrundvöllur væri nauðsynlegur.

Mikilvægt er að tölfræðileg gögn um byggðapróun séu ávallt tiltæk, enda eru slík gögn grundvallaratriði við stöðulýsingu og áætlanagerð á sviði byggðamála. Mikið er til af gögnum um byggðapróun og er Hagstofa Íslands þar lykilaðili þar sem hún vinnur með og geymir mikið af byggðatengdum upplýsingum á aðgengilegu formi. Fjölmarginir aðrir aðilar afla og varðveita upplýsingar en nokkuð hefur vantað upp á að gögnum sem snúa að byggðamálum sé markvisst safnað, unnið úr þeim og þau birt með reglubundnum hætti. Upplýsingar um íbúapróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessara þátta á hagkerfi og samfélag þurfa að vera aðgengilegar og samhæfðar við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir, bæði hvað varðar val grunnupplýsinga og framsetningu þeirra eftir úrvinnslu. Auk stöðugar gagnaöflunar og miðlunar tölfræðilegra upplýsinga um byggðamál þarf að vera unnt að vinna sértækar greiningar með stuttum fyrirvara, t.d. þar sem búist er við breytingum, jafnt vegna nýrra sóknarfæra í atvinnulífi og aðsteðjandi vanda.

**Árangursmat:**

Hugmyndin gerir ráð fyrir að starfshópurinn leggi fram tillögu um með hvaða hætti væri skynsamlegt að samræma upplýsingaöflun og birtingu á byggðatengdum upplýsingum.

**Ábyrgð á framkvæmd:**

Hagstofa Íslands og Byggðastofnun.

**Aðrir þátttakendur:**

Iðnaðarráðuneyti, Hagstofa Íslands, Ríkisskattstjóri, Rannís, Ferðamálaráð, Fiskistofa, Bændasamtökin, Samband íslenskra sveitarfélaga, rannsóknastofnanir, háskólar o.fl.

**Tímaáætlun:**

2010 – 2013.

---